



Fréttatilkynning

Reykjavík, 24. janúar 2018.

Vetrarólympíuleikar - PyeongChang 2018

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest val á keppendum og öðrum þátttakendum á Vetrarólympíuleikana í PyeongChang 2018 í Suður-Kóreu, en leikarnir fara fram dagana 9. til 25. febrúar nk.

Samkvæmt gögnum frá Alþjóðaskíðasambandinu (FIS) hefur Ísland fengið úthlutað kvóta fyrir einn keppanda í alpagreinum karla, einn keppanda í alpagreinum kvenna, einn keppanda í skíðagöngu kvenna og tvo keppendur í skíðagöngu karla. Alls er því um fimm keppendur að ræða og hefur verið staðfest við FIS að Ísland muni nýta þann kvóta að fullu. Úthlutun kvóta byggir á lágmarkum og árangri íslenskra keppenda á alþjóðlegum mótum á tímabilinu 1. júlí 2016 til 21. janúar 2018.

Eftirtaldir keppendur verða fulltrúar Íslands á XXIII Vetrarólympíuleikunum í PyeongChang 2018:

- **Freydís Halla Einarsdóttir**, alpagreinar kvenna – svig og stórsvig
- **Sturla Snær Snorrason**, alpagreinar karla – svig og stórsvig
- **Elsa Guðrún Jónsdóttir**, skíðaganga kvenna – sprettganga og/eða 10 km F (frjáls aðferð)*
- **Snorri Einarsson**, skíðaganga karla – sprettganga, 15km F (frjáls aðferð), 30km skiptiganga, 50km C Mst (fjöldastart, hefðbundin aðferð)
- **Isak Stianson Pedersen**, skíðaganga karla – sprettganga og/eða 15km ganga F (frjáls aðferð)*

*Ákvörðun um keppnisgreinar þeirra Elsu Guðrúnar og Isaks Stianson verða teknar á næstu dögum, en skráningarfrestur í einstaka keppnisgreinar er til 28. janúar nk.

Aðrir þátttakendur verða:

- | | |
|---------------------------------|------------------------------|
| • Aðalfararstjóri: | Andri Stefánsson |
| • Flokksstjóri skíðamanna: | Jón Viðar Þorvaldsson |
| • Sjúkrþjálfari: | María Magnúsdóttir |
| • Aðalþjálfari alpagreina: | Egill Ingi Jónsson |
| • Aðstoðarþjálfari alpagreina: | Grímur Rúnarsson |
| • Aðalþjálfari skíðagöngu: | Vegard Karlstrøm |
| • Aðstoðarþjálfarar skíðagöngu: | Dag Eivold og Oystein Anesen |

Þá munu þau Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ verða viðstödd leikana auk þess sem að Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, mun verða viðstödd setningarhátíð leikanna og fyrstu keppisdaga.

Á leikunum í PyeongChang 2018 mun Ísland í fyrsta skipti eiga keppanda í skíðagöngu kvenna. Leikarnir verða settir föstudagskvöldið 9. febrúar nk. kl. 20:00 að staðartíma, en kl. 11:00 á íslenskum tíma. Verður setningarhátíðin sýnd í beinni útsendingu hjá RÚV. Lokahátíðin fer fram sunnudagskvöldið 25. febrúar nk. og hefst kl. 20:00 að staðartíma.



Um keppendur:

Elsa Guðrún Jónsdóttir

Fædd 26. mars 1986
Skíðafélag Ólafsfjarðar
[Tengill á vefsíðu FIS.](#)

Isak Stianson Pedersen

Fæddur: 4. júní 1997
Skíðafélag Akureyrar
[Tengill á vefsíðu FIS.](#)

Freydís Halla Einarsdóttir

Fædd: 3. október 1994
Skíðadeild Ármanns
[Tengill á vefsíðu FIS.](#)

Snorri Einarsson

Fæddur 21. febrúar 1985
Skíðagöngufélagið Ullur
[Tengill á vefsíðu FIS.](#)

Sturla Snær Snorrason

Fæddur: 1. mars 1994
Skíðadeild Ármanns
[Tengill á vefsíðu FIS.](#)

Sögulegar staðreyndir um þátttöku Íslands á Vetrarólympíuleikum:

- Ísland tók fyrst þátt í Vetrarólympíuleikum árið 1948 en leikarnir það ár fóru fram í St. Moritz í Sviss. Átti Ísland fjóra keppendur á þeim leikum, þrír kepptu í alpagreinum og einn í skíðastökki.
- Á leikunum 1952 sem fóru fram í Osló átti Ísland keppendur í alpagreinum og skíðagöngu, en 11 íslenskir keppendur tóku þátt í leikumum, 4 í alpagreinum, 6 í skíðagöngu og 1 í skíðastökki.
- Jakobína Jakobsdóttir var fyrsta íslenska konan sem keppti á Vetrarólympíuleikum, en hún keppti í alpagreinum á leikumum 1956 sem fóru fram í Cortina d'Ampezzo á Ítalíu.
- Á síðustu tveimur áratugum hefur Ísland nánast eingöngu sent keppendur í alpagreinum á Ólympíuleikana. Þó breyttist það á leikumum 2014 í Sochi er Sævar Birgisson keppti í skíðagöngu. Voru þá 20 ár liðin frá því að Ísland átti síðast keppendur í skíðagöngu, en þeir Daníel Jakobsson og Rögnvaldur Ingbórsson kepptu í skíðagöngu á leikumum 1994 í Lillehammer.